

FRÁSÖGN

af ársfundum Vestnorræna ráðsins í Vestmannaeyjum 2.–4. september 2014

Af hálfu Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins sóttu ársfundinn Unnur Brá Konráðsdóttir, formaður, Vigdís Hauksdóttir, varaformaður, Páll Valur Björnsson, Páll Jóhann Pálsson, Katrín Jakobsdóttir og Oddný G. Harðardóttir, auk Vilborgar Ásu Guðjónsdóttur, ritara Íslandsdeildar. Helstu mál á dagskrá voru málefni norðurslóða, þar á meðal þegar kemur að sjávarútvegsmálum, leit og björgun, fríverslun og ferðaþjónustu.

Unnur Brá Konráðsdóttir, formaður Vestnorræna ráðsins, setti ársfundinn og fór yfir starf forsætisnefndar síðasta árið, þar á meðal þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Sjávarútvegsmál og samskipti við Evrópusambandið og Norðurlandaráð voru þar ofarlega á blaði, ásamt umsókn Vestnorræna ráðsins um áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu. Að loknu ávarpi formanns gerði framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins grein fyrir starfsemi liðins árs og ársreikningi ársins 2013. Fundur samþykkti ársreikninginn.

Því næst gerðu formenn landsdeilda grein fyrir starfinu á liðnu ári. Unnur Brá, formaður Íslandsdeildar, greindi frá vellukkuðum grænenskum dögum í Reykjavík sl. vor, þar á meðal frá þátttöku sinni í málstofu tengdri dögnum þar sem hún rakti sögu Vestnorræna ráðsins, þróun þess, helstu málefni og starfið í dag, með sérstakri áherslu á samvinnu um málefni norðurslóða og möguleikann á stofnun vestnorræns fríverslunarsvæðis. Hún greindi einnig frá þátttöku sinni í ráðstefnu um jafnréttismál í Færeyjum í maí sl. þar sem hún fjallaði um jafnréttisbaráttuna á Íslandi sl. 40 ár. Bill Justinussen, formaður landsdeildar Færeyja, ræddi m.a. um herferð samtakanna Sea Shepherd gegn hvalveiðum Færeyinga og lagði þunga áherslu á menningarlegt mikilvægi veiðanna fyrir Færeyinga. Lars Emil Johansen, þingforseti Grænlands og formaður landsdeildar Grænlands, sagði m.a. frá opnun ræðisskrifstofu Íslands í Nuuk sem hann sagði mikilvæg tímamót. Þá sagði hann frá tillögu um stofnun ungmennaráðs Vestnorræna ráðsins.

Svein Roald Hansen, þingmaður norska Stórbingsins, ræddi um sameiginlegar áskoranir Noregs og vestnorrænu landanna, með sérstaka áherslu á sjávarútvegsmál og málefni norðurslóða. Sænska þingkonan Åsa Thorstensson ávarpaði fundinn fyrir hönd forsætisnefndar Norðurlandaráðs. Hún sagði samvinnu á norðurslóðum afar mikilvæga, ekki síst þegar kæmi að verndun náttúrunnar. Sverri Hansen, framkvæmdastjóri sjóðsins VestNordenFonden, rakti sögu sjóðsins og helstu verkefni hans. Lars Thstrup, framkvæmdastjóri Norræna Atlantssamstarfsins (NORA), kynnti sögu og þróun samstarfsins, sem fellur undir samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar um byggðastefnu. Eygló Harðardóttir, samstarfsráðherra Norðurlanda, kynnti helstu verkefni norrænu ráðherranefndarinnar, þar á meðal nýja norðurslóðaáætlun sem er í vinnslu fyrir árin 2015–2017.

Í umræðum um mögulega áheyrnaraðild Vestnorræna ráðsins að Norðurskautsráði var rætt um áherslur ráðsins ef umsóknin yrði samþykkt. Katrín Jakobsdóttir lagði ríka áherslu á umhverfismál í því sambandi. Vigdís Hauksdóttir lagði til að áhersla yrði lögð á vatn sem auðlind og hvernig hægt væri að nýta vatn betur. Lars Emil tók undir með Vigdísi og sagði mikla sóun á vatni á Grænlandi. Í umræðum um tillögur Egils Þórs Níelssonar um aukið samstarf landanna þriggja á norðurslóðum var lögð áhersla á mikilvægi þess að öll löndin högnuðust á auknu samstarfi. Einnig var einhugur um að vinna frekar með niðurstöður skýrslunnar og finna þannig út úr á hvaða sviðum löndin þrjú vilja vinna saman. Páll Jóhann Pálsson lagði til að auka samstarf um verndun sel- og hvalveiða. Þegar kæmi að sjávarútvegnum væri best að byrja á því að reyna að liðka fyrir samstarfi milli iðnaðanna í

löndunum þremur. Í umræðum um aukið viðskiptasamstarf var rætt um Hoyvíkursamninginn, fríverslunarsamning milli Íslands og Færeyja. Í því sambandi var bent á hversu miklu sterkara sambandið milli Íslands og Færeyja væri í samanburði við samband landanna tveggja við Grænland. Pressa þyrfti á ríkisstjórnir landanna að bæta úr því. Sammælt var um að besta leiðin til að auka viðskipti milli landanna væri að fá fyrirtæki á ýmsum sviðum í löndunum þremur til að ræða hvort hægt væri að auka samstarf og viðskipti á viðkomandi sviði. Samstarf á sviði ferðamála á milli vestnorrænu landanna (NATA) væri dæmi um gott vestnorrænt samstarf.

Í umræðum um leit og björgun var vakin athygli á þörfinni fyrir staðbundna þjónustu sem gæti brugðist við neyðarástandi við strendur landanna, sérstaklega Grænlands, á skemmri tíma en nú. Í umræðum um menningarmál benti Katrín Jakobsdóttir á að tungumál Norðurlandanna hafi í gegnum tíðina verið ákveðinn sameiginlegur grunnur menningarlegra tengsla þeirra. Það væri að breytast, ungt fólk á Íslandi talaði ekki Norðurlandamál og móðurmál Finna og Grænlandinga væru auðvitað ekki norræn mál. Þetta væri eitthvað sem Vestnorræna ráðið ætti að huga að. Í umræðum um brottflutning fólks, ekki síst kvenna, frá Vestnorrænu löndunum, benti Vigdís Hauksdóttir á að á Íslandi væri ríkisstjórnin að lækka skatta fólks sem byggi í afskekktum byggðum. Það væri hugsanlega eitthvað sem ráðið gæti litið til.

Samþykkt var að næsta þemaráðstefna ráðsins verði í Aasiaat á Grænlandi í janúar 2015 og að þemaeftir verði sameiginleg stefna Vestur-Norðurlanda á norðurslóðum. Ársfundurinn samþykkti tvær ályktanir sem verða sendar áfram til þjóðþinga landanna þriggja til umfjöllunar og samþykktar. Sú fyrri fjallar um að meðlimir ráðsins geti sent spurningar til ráðherra landanna, líkt og þekkist í Norðurlandaráði. Sú síðari fjallar um að draga úr losun brennisteins frá skipum í þeim tilfellum þar sem mengunin kemur til vegna notkunar svartolíu. Fundurinn samþykkti einnig tvær yfirlýsingar. Sú fyrri hvetur ríkisstjórnir Íslands og Færeyja til að styðja viðleitni Grænlands til að verða viðurkennt sem strandríki og fá þátttökurétt í samningaviðræðum strandríkja um uppsjávarfiska á jafnréttisgrundvelli. Í þeirri síðari er réttur vestnorrænu landanna til að nýta allar lifandi sjávarauðlindir hafsins á sjálfbæran hátt undirstrikaður, með sérstaka tilvísun í hval- og selveiðar. Ríkisstjórnir landanna eru jafnframt hvattar til að setja af stað upplýsingaherferð til stuðnings málstaðnum.

Að lyktum var samþykkt að Ríkisendurskoðun skyldi áfram vera endurskoðandi reikninga Vestnorræna ráðsins. Var Bill Justinussen einróma kjörinn formaður ráðsins fram að næsta aðalfundi. Bill sagði í ræðu sinni á fundinum að í formennskutíð sinni hygðist hann leggja höfuðáherslu á aukið samstarf vestnorrænu landanna á norðurslóðum. Fundur ráðsins með utanríkisráðherrum landanna þriggja í Reykjavík tveimur dögum áður (sjá nánar á eftir) hefði staðfest þörfina fyrir að kortleggja sameiginlega hagsmuni landanna á norðurslóðum. Sú vinna ráðsins myndi vera ríkisstjórnnum landanna mikilvægt innlegg í áframhaldandi vinnu og samræður þeirra. Samhliða ársfundi fór fram fundur í forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins þar sem forsætisnefnd samþykkti tillögu að dagskrá fundar og fjallaði um framkomnar tillögur.

Að ársfundi loknum var fundur í þingmannanefnd um Hoyvíkursamninginn. Rætt var lítillega um stöðu samningsins og fyrirhugaða endurskoðun Færeyja á honum. Sammælt var um að fundir nefndarinnar yrðu framvegis samhliða þemaráðstefnum ráðsins í janúar ár hvert.

Samhliða ársfundi fundaði Vestnorræna ráðið með utanríkisráðherrum landanna þriggja. Helstu umræðuefni voru samstarf Vestnorrænu landanna um norðurslóðir, sjávarútvegsmál, viðskipti, leit og björgun og samgöngur og innviði. Í umræðum um sameiginlega stefnu um málefni norðurslóða sammæltust ráðherrarnir um að þótt löndin hefðu hvert sína eigin stefnu um málaflokkinn væri ráð að stefna að sameiginlegri stefnu á 2–3 sviðum sem kæmu þá til viðbótar en færu ekki gegn þeim stefnum sem eru nú þegar til staðar.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins og á vefsvæðinu www.vestnordisk.is.